



Fylkir

Vinum saman fyrir Vestmannaeyjar

62. árgangur

Vestmannaeyjum 28. maí 2010

5. tölublað



Herjólfur siglir að meðaltali 4 ferðir á dag - allt árið

Þrátt fyrir að ekki hafi enn tekist að leiða samgönguráðherra það fyrir sjónir að lykillinn að samgöngubótum við Vestmannaeyjar sé ferðatiðni og hagstæð gjaldskrá, hyllir nú undir að Herjólfur sigli að meðaltali fjórar ferðir á dag - allt árið. Í síðustu viku skrifuðu Elliði Vignisson bæjarstjóri og Gylfi Sigfússon framkvæmdastjóri Eimskipa undir samkomulag þess eðlis að 66,6% af kostnaði við þær 125 ferðir sem vantaði upp á fjórðu ferðina verði greidd af Vestmannaeyjabæ og Eimskipum. Auðvitað er með öllu óásættanlegt að ríkið skuli skirrast við að tryggja lágmarks ferðatiðni skipsins. Eftir að hafa itrekað reynt að koma ríkinu í skilning um hversu mikilvægt það er að ferðir til Vestmannaeyja liggi ekki niðri stóran hluta úr sólarhringnum er það að sjálfsgöðu þrautalending að greiða hluta af kostnaðinum. Eyjamenn hafa löngum mátt stóla á sig sjálfa, og þannig er það enn. Nú standa öll spjót á ráðherra samgöngumála um að tryggja þær sex milljónir sem enn standa út af borðinu til að hægt verði að tryggja lágmarks ferðatiðni skipsins.

Hættan er 3 - 3 - 1

Yfirstandi kjörtímabils verður sjálfsgagt helst minnst fyrir þann mikla árangur sem náðst hefur í stjórnun bæjarfélagsins. Sveitarfélag sem vart átti til hnifs og skeiðar er nú það best stæða á landinu. Íbúar sem áður voru athlægi landsmanna allra vegna slægrar stöðu í stjórnmalum innanbæjar eru nú þeir ánægðustu á landinu. Viðvarandi fækkun íbúa var snúið til betri vegar og hefur þeim nú fjölgað, þrjú ár í röð. Ástæðu þessa árangurs sjá allir sem sjá vilja. Traust forysta sjálfstæðismanna og árangursríkt samstarf við vandaðan minnihluta.

Skelfileg staða

Þarsíðasta kjörtímabil var að flestra mati hneisa. Það einkenndist af veikri stjórnun, óeiningu og óstjórn. Þrjú flokkar bitust um forystu en enginn hafði skýrt umboð. Hver meirihlutinn rak annan og bæjarstjórn var um tíma haldið í gíslingu. Kærur gengu á vígsl og gantast var með að stofnuð hefði verið sérstök Vestmannaeyjadeild í félagsmálaráðuneytinu. Ákvarðanir

Þrjú flokkar bitust um forystu en enginn hafði skýrt umboð. Hver meirihlutinn rak annan og bæjarstjórn var um tíma haldið í gíslingu. Kærur gengu á vígsl og gantast var með að stofnuð hefði verið sérstök Vestmannaeyjadeild í Félagsmálaráðuneytinu.

voru handahófskenndar og stjórnsýslan einkenndist af pólitískum geðþótta. Staðan var skelfileg. Bæjarfélagið allt leið fyrir.

Hreinn meirihluti

Núverandi kjörtímabil hefur verið gjörólíkt. Sjálfstæðisflokkurinn hefur setið í hreinum meirihluta og stjórnunin hefur því verið styrk. Kapp hefur verið lagt á vandaða stjórnsýslu, ábyrgja fjármálastjórn og framfarir. Ábyrgðin hefur verið skýr og undan henni hefur meirihluti sjálfstæðismanna ekki vikið sér. Niðurstaðan er sú að Vestmannaeyjar eru á ný öflugasta bæjarfélag á landinu. Eyjamenn hafa því

samanburðinn á því hvernig málin þróast annars vegar þegar meirihlutinn er veikur og hins vegar þegar einn flokkur er til ábyrgðar líkt og verið hefur síðustu fjögur ár.

Raunveruleg ógn

Í allri sögu Vestmannaeyja hefur einungis einn flokkur náð hér hreinum meirihluta og eins og allir vita er það Sjálfstæðisflokkurinn. Önnur framboð þurfa hinsvegar að ná sögulegu hámarki og bæta við sig tugum prósentu í fylgi ætli þeir að ná hreinum meirihluta. Taflan til hliðar sýnir kjölfylgi flokkanna í síðustu kosningum þegar Sjálfstæðismenn, V-listi og Framsóknarflokkurinn buðu fram.

Eins og þar sést hlaut enginn flokkur hreinan meirihluta. Staðan 3 - 3 - 1 varð niðurstaðan þá og staðan 3 - 3 - 1 er enn raunveruleg ógn.

Vandasamt kjörtímabil í vændum

Næsta kjörtímabil verður vandasamt. Þótt tekist hafi að stýra Vestmannaeyjabæ án skaða í gegnum bankahrunið starfar sveitarfélagið ekki í tómarúmi. Rétt eins og heimili landsins og fyrirtæki glímur Vestmannaeyjabæ við erfið verkefni. Tekjuliðir hafa dregist saman, rekstrar-kostnaður aukist og óvissan er mikil. Sterk ógn steðjar að atvinnulífi okkar, ekki sist vegna boðaðrar fyrningarleiðar. Ríkið hyggst skerða hér heilbrigðisþjónustu, löggæslu, þjónustu framhaldsskóla, samgöngur o. fl. Ekkert má út af bregða ef ekki á illa að fara. Vestmannaeyjabæ og eyjamenn allir mega ekki við veikri stjórnun. Þeir mega ekki við stöðunni 3 - 3 - 1.

Því fylgir ábyrgð að kjósa.

Getum varið lífsgæði íbúa

Sveitarfélögum ber að kappkosta að standa vörð um hag íbúa sinna. Þegar kreppir að í efnahag þjóðarinnar eins og nú hefur gerst verður þetta hlutverk sérstaklega vandasamt. Með vandaðri stjórnun á góðæris-tímum getur bæjarfélag varið lífsgæði íbúa á krepputímum. Vestmannaeyjabæ nýtti góðærið til að hagræða í eignasafni sínu og greiða niður lán. Þess vegna getur hann nú varið atvinnustigið með framkvæmdum langt umfram það sem gengur og gerist. Sterk staða gerir okkur einnig kleift að lækka álögur á viðkvæma þjónustuhópa svo sem fjölskyldur með ung börn, aldraða og fleiri. Á yfirstandandi erfiðleikatímum er ekki sjálfgefið að sveitarfélag geti sinnt grunnþjónustu, hvað þá að verja lífsgæði íbúa. Vestmannaeyjabæ hefur verið vel rekinn síðustu ár og getur því gegnt þessu mikilvæga hlutverki.



Tveir mögulegir meirihlutar - valið er þitt!




Fylkir

Útgefandi:
Eyjaprent fyrir hönd
Sjálfstæðisfélaganna
í Vestmannaeyjum.
Prentvinnsla:
Eyjasýn ehf. / Eyjaprent

Upplag: 1800 eintök.

Ritnefnd:
Arnar Sigurmundsson
Guðbjörg Matthíasdóttir
Gunnlaugur Grettisson
Hörður Óskarsson ábm.
Magnús Jónasson
Skapti Örn Ólafsson



Leikskólagjöld hafa lækkað mikið

Börnin eru framtíðarauðlind bæjarfélagsins. Þjónusta við þau þarf að nálgast á þeim forsendum. Við fyrstu skrefin í mótun fjölskyldu er hagarinn oft þrengri en þegar fram í sækir. Leikskólagjöld eru stór liður í útgjöldum fjölskyldna. Því hafa bæjar-

fulltrúar Sjálfstæðisflokksins valið að leggja höfuðáherslu á að lækka kostnað við leikskólavist.



Stóraukin framlög til reksturs leikskóla

Rekstur Vestmannaeyjabæjar hefur gengið vel. Ábyrgð í rekstri gefur okkur tækifæri til að veita aukna þjónustu. Kapp hefur verið lagt á að létta þungum álogum af barnafjölskyldum. Það verður ekki gert nema með því að beina auknu fé til

reksturs fræðsluferfisins. Því valdi Sjálfstæðisflokkurinn að auka framlag til leikskóla um 85 milljónir á kjörtímabilinu.



Stöndum vörð um

Verkin hafa talað:

- :: Eftir stöðuga fækkun íbúa í 16 ár hefur þeim nú fjölgað þrjú ár í röð
- :: Samkvæmt mælingum Capacent eru íbúar Vestmannaeyja þeir ánægðustu á landinu öllu
- :: Skuldir hafa verið greiddar niður fyrir 2500 milljónir
- :: Leikskólagjöld hafa verið færð úr því að vera hæst á landinu niður fyrir landsmeðaltal
- :: Höfuðstóll og vextir af söluandvirði HS eru enn til, ósnert
- :: Samgöngubætur hafa verið sóttar
- :: Atvinnulífið hefur verið varið
- :: Fjölnota íþróttahús er í byggingu
- :: Nýtt útivistarsvæði hefur verið tekið í notkun


...svo fátt eitt sé nefnt



Fólkinu fjölgar í Eyjunum enn

Stærsta ógnin við byggð í Vestmannaeyjum síðustu ár hefur verið viðvarandi íbúafækkun. Á árunum 1991 til 2007 fækkaði íbúum í Vestmannaeyjum úr tæplega 5000 niður í rétt rúmlega 4000. Fækkunin var því nálægt 20%. Bæjarfulltrúar Sjálf-

stæðisflokksins eru stoltir af því að hafa tekist að snúa þessari óheillaþróun við. Nú hefur íbúum fjölgað stöðugt frá 2007. Stefnan er að fjölgunin haldi áfram og íbúafjöldi verði kominn yfir 4200 í árslok 2011.



Greiddum niður lán í góðærinu

Eina leiðin til að tryggja íbúum góða þjónustu til langs tíma er að ástunda ábyrgan rekstur. Sjálfstæðismenn nýttu góðærið til að hagræða í eignasafni sínu og greiða niður skuldir. Léttari skuldabyrði hefur gefið okkur færi á að létta álögum af íbúum og

auka þjónustuna. Sjálfstæðismenn vilja áfram leggja áherslu á ábyrga fjármálastjórn. Einungis þannig er hægt að tryggja íbúum góða þjónustu.

Vestmannaeyingar eru ánægðustu íbúar landsins

Fátt skiptir meira máli við stjórnun sveitarfélags en ánægja íbúa. Hún er sá mælikvarði sem mestu skiptir þegar meta á störf bæjarstjórna. Þegar illa gengur og barist er á banaspjótum bitnar það á árangri og þar með ánægju íbúa. Styrk stjórn og árangursríkt starf kemur á sama hátt fram í aukinni ánægju íbúa. Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins eru stoltir af því að í tvö ár í röð hafa íbúar í Vestmannaeyjum verið ánægðustu íbúar á landinu öll. Það segir meira en mörg orð.



Vestmannaeyjar

Við viljum:

- ...verja sterka stöðu Vestmannaeyja
- ...gæta ítrasta aðhalds í rekstri bæjarfélagsins
- ...halda áfram uppbyggingu okkar glæsilega miðbæjar. Næstu skref eru að lengja Bárustíg niður að smábátahöfninni
- ...að tjaldstæði í Vestmannaeyjum verði með því sem best gerist á landinu
- ... tryggja að leikskólagjöld verði áfram með því sem lægst þekkist á landinu

- ...koma upp nýjum og glæsilegum leikvelli í hjarta bæjarins. Leikvelli sem nýtist sem samkomustaður fjölskyldna og leiksvæði barna
- ...nýta Landeyjahöfn til að auka og efla þjónustu við íbúa
- ... tryggja að Herjólfur sigli að lágmarki fjórar ferðir á dag allt árið.

...svo fátt eitt sé nefnt

X D



Fylkir



TRAUSTSINS VERÐ

× D

Út og suður

Kosningabaráttan tekur oft á sig undarlega mynd. Minnihluti og ný framboð kappkosta gjarnan að varpa rýrð á störf ríkjandi meirihluta og þá ekki síst þegar þeir hafa setið einir í hreinum og traustum meirihluta. Margir áhugamenn um stjórnsmál hafa haft gaman af baráttu framsóknarmanna og V-lista og ólíku viðhorfi þeirra til hreins meirihluta sjálfstæðismanna.

V-listinn hefur valið að fjalla um líðið kjörtímabil rétt eins og þeir hafi haft töglin og hagldirnir í stjórnun. Þeir ræða um þau brýnu málefni sem þeir "létu" meirihluta sjálfstæðismanna framkvæma og birta loforðalista þann sem þeir gáfu fyrir fjórum árum til marks um ágæti sitt á kjörtímabilinu. Á sama tíma fjalla framsóknarmenn um einræðistillburði sjálfstæðismanna og gera því skóna að ekki einungis sé lýðræðið fótum troðið heldur ráðskist sjálfstæðismenn einnig með V-listann. Einhvern veginn verður hljómurinn í þessum málflytningi enn holarí þegar gagnrýni andstæðinga er jafn út og suður og þetta tvennt. Eins og svo oft liggur sannleikurinn mitt á milli þessara tveggja öfga. Sjálfstæðisflokkurinn hefur átt í góðu samstarfi við bæjarfulltrúa V-listans, eins og aðra bæjarbúa, í fjögur farsæl ár. Öllum góðum tillögum og athugasemdum hefur verið vel tekið, sama hvort þær

Öllum góðum tillögum og athugasemdum hefur verið vel tekið, sama hvort þær hafa komið frá bæjarfulltrúum V-listans eða öðrum bæjarbúum, þótt aldrei leiki vafi á hvar ábyrgðin liggir. Þetta kalla framsóknarmenn valdniðslu. Þetta kalla frambjóðendur V-listans að þeir ráði. Þetta kalla Sjálfstæðismenn heiðarleg og vönduð vinnubrögð.

hafa komið frá bæjarfulltrúum V-listans eða öðrum bæjarbúum, þótt aldrei leiki vafi á hvar ábyrgðin liggur. Þetta kalla framsóknarmenn valdniðslu. Þetta kalla frambjóðendur V-listans að þeir ráði. Þetta kalla Sjálfstæðismenn heiðarleg og vönduð vinnubrögð. Þau viljum við áfram iðka með hagsmunum bæjarbúa að leiðarljósi.

× D

Kosningakaffi Sjálfstæðisflokksins

Þér er boðið í kosningakaffi D-lista á kjördag í Höllinni frá kl. 14 til 17. Boðið er upp á akstur á kjörstað og í kosningakaffi, s: 481-1344.

Stuðningsmenn D-lista fjölmennið í kaffið.

Sjálfstæðismenn munið að kjósa snemma - það auðveldar vinnu á kjördag



Stöndum vörð um Vestmannaeyjar

× D